

Íslenska skattamódelið

BARBABRELLUR: Kaupþing banki hefur útbúið sérlega skilvirkt “skatta-leikritakerfi” sem virðist geta “fjarlægt” hluta af sköttum lögaðila sem og geta leynt því hverjir eigi hvað, þ.e. hverjir séu raunverulegir eigendur slíkra lögaðila. Hinn gríðarlegi vöxtur Kaupþings undanfarin ár má að stærstum hluta þakka þessu skattakerfi Kaupþings banka. Á aðeins örfáum arum hefur stærsti banki Íslands, Kaupþing náð því að verða nálægt hundrað stærstu bönkum heims! Það skal tekið fram að hið íslenska fjármálaeftirlit og skattayfirvöld eiga talssvert erfitt að fylgjast með þessu öllu saman.

Bresku jómfrúareyjar

Kaupþings “skattakerfið” byrjar á Bresku jómfrúareyjunum. Hér velta þúsundir milljóna króna inn í 3 fyrirtæki sem Kaupþing banki starfrækir. Háttsettir aðilar í Kaupþing banka Lúxemborg gegna hlutverki “leppa” í þessum fyrirtækjum. Frá Bresku jómfrúareyjunum eru peningarnir fluttir áfram til Lúxemborgar, þar eru þeir “parkeraðir/staðsettir” sem hlutafé (þ.e. aktiekapital) í félögum starfræktum í Lúxemborg.

Danmörk

Hinar gríðarlegu fjárfestingar íslendinga í Danmörku og Bretlandi eru að stórum hluta þessu “skattakerfi” Kaupþings að þakka sem fer í gegnum Bresku jómfrúareyjar og Lúxemborg. Meðal fjárfestinganna í Danmörku má nefna Sterling flugfélagið, Magasin du Nord, Illum og Merlin. Allan ágóðan í Danmörku er svo hægt að taka skattfrjálst heim aftur með því að senda peningana sömu leið og þeir komu – þ.e. frá Lúxemborg/Bresku Jómfrúareyjunum.

Lúxemborg

Ekstra bladet hefur fundið um 100 fyrirtæki í Lúxemborg sem eru í eigu – a.m.k. á pappírnum – þriggja skúffufyrirtækja á Bresku Jómfrúareyjunum, en eru í raun og veru í eigu allra annarra aðila. Meðal viðskiptavina Kaupþing banka í Lúxemborg má nefna Gaumur, Baugur, Exista, Fons og Fengur.

- 1 Milljarðir frá bönkum víðs vegar um heiminn fara til Bresku jómfrúareyjanna.
- 2 Peningarnir eru sendir áfram til fyrirtækja í Lúxemborg.
- 3 Peningarnir eru notaðir til fjárfestinga í Danmörku og Bretlandi.
- 4 Hagnaðurinn fer skattfrjálst til Lúxemborgar.
- 5 Hinn skattlaus hagnaður er svo sendur til baka til fyrirtækjanna á Bresku jómfrúareyjunum.
- 6 Hinn skattlaus hagnaður rennur svo aftur til eigendanna á Íslandi.

